



Eyjólfur Guðjónsson f. 17. 6. 1926 í Reykjavík, d. 10. 8. 2011.

For: Guðjón skipstjóri f. 27. sept. 1894, d. 2. des. 1941, Guðmundsson, formanns frá Ey í Vestmannaeyjum, Guðmundssonar og k.h. Steinþóra, f. 16. 4. 1896, d. 17. 5. 1987, Grímsdóttir, bónda á Nikhóli í Mýrdal, V.-Skaftafellssýslu, Sigurðssonar.

Fiskimannapróf frá Stýrimannaskólanum í Reykjavík 1947.

Nám í Loftsiglingafræði hjá Air Service Training í Hamble, Southampton í Englandi 1949.

Farmannapróf frá Stýrimannaskólanum í Reykjavík 1952.

Háseti á tog. Venusi frá Hafnarfirði 1942-1947.

Háseti á es. Reykjafossi (I) 1948.

Háseti á tog. Neptúnusi og við ýmislega vinnu í landi 1950-1951.

Háseti á ms. Drangajökli (I) 1952-1955.

Stýrimaður á ms. Drangajökli (I) 1955-1959.

Stýrimaður ms. Langjökli 1959-1963.

Stýrimaður á ms. Hofsjökli (I) 1963-1965.

Skipstjóri í afleysingum á Langjökli og Hofsjökli.

Fastráðinn skipstjóri hjá Jöklum hf. 15. feb. 1965.

Eyjólfur gekk í Skipstjórafélag Íslands 7. apríl 1965. (SKFÍ nr. 95)

Skipstjóri á ms. Vatnajökli (II) 1965 – 1968

(Eimskipafélag Íslands kaupir Vatnajökul (II) 9. jan. 1969 og fékk skipið þá nafnið Laxfoss (I).)

Skipstjóri á ms. Laxfossi (I) 9. jan. til 5. mars 1969.

Innkaupastjóri hjá Eimskipafélagi Íslands 1969-2000.

Starfaði í Vitanefnd 1981-1991.

Sæmdur heiðursmerki Sjómannadagsráðs 2005.

K. 21.júlí 1954 Sigurrós f. 3. nóv. 1928, Guðjónsdóttir, húsasmíðameistara í Reykjavík, Vilhjálmssonar og k.h. Guðríðar Rósantssdóttur.

Kjördóttir: Guðríður Anna Eyjólfsdóttir hjúkrunarfræðingur, f. 6. sept. 1956, maki. Sigurður Júlíusson læknir, synir þeirra eru: Eyjólfur f. 2. nóv 1979, Kristján f. 10. maí 1983 og Júlíus Már f. 21. okt. 1989.

Heimildir:

Jón Eiríksson. *Skipstjórar og skip*, Suggsjá 1971.

Guðmundur Jakobsson, *Skipstjóra og Stýrimannatal*, Ægisútgáfan Reykjavík 1979.

Jóhannes Ingólfsson. *Skipstjórar og skip II*, Skipstjóratal og skipaskrá Útg. Skipstjórafélag Íslands 16. apríl 1986
gardar.is

G. Anna Eyjólfsdóttir tók saman ágúst 2021.